

13. gr.

Rétti til hagbeitar í landi Stokkseyrartorfunnar fylgir fjörubeit, og gilda um fjörubeitina sömu reglur og um hagbeit eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt girðingalögum nr. 10 25. marz 1965, til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 24. maí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar.

2. gr.

Stofnfé minningarsjóðsins er kr. 605 000.00, sem lagt er fram af Ásbirni Ólafssyni, stórkaupmanni, Reykjavík, og Ásbjörn Ólafsson, hf., Reykjavík.

Heimili Minningarsjóðsins er Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur Minningarsjóðsins er að styrkja fátækt og efnilegt ungt fólk til náms, sem af sjálfdáðum hefur ekki án aðstoðar tækifæri til þess að afla sér menntunar. Styrkirnir skulu vera það riflegir, að þeir komi að tilætluðum notum, og geta sömu aðilar orðið styrksins aðnjótandi í mörg ár í röð.

4. gr.

Þegar farið verður að úthluta úr sjóðnum, ber að senda skriflega beiðni um styrkveitingar til stjórnar sjóðsins og skal umsækjandi láta getið um aldur og efnahaga og til hvers nota eigi styrkinn. Þá skal tekið fram að afhenda skal dómsmálaráðuneytinu afrit af reikningum sjóðsins árlega.

5. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins eins og hann er og verður á hverjum tíma má aldrei skerða. Heimilt er að hefja styrkveitingar úr sjóðnum nú þegar. Úthluta má styrkjum skv. 3. gr. fyrir allt að 80% af árlegum tekjum sjóðsins, en 20% þeirra leggst við höfuðstólinn.

6. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans kr. 605 000.00 svo og þær gjafir og framlög, sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins og ávaxta í ríkistryggðum bankastofnunum eða með öðrum hætti, sem sjóðsstjórnin er sammála um að telja jafn öruggan.

7. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar þriggja manna sjóðsstjórn. Samkvæmt ósk stofnenda sjóðsins hafa þessir menn tekið sæti í fyrstu sjóðsstjórninni:

Ásbjörn Ólafsson, stórkaupmaður, Grettisgötu 2 A, Reykjavík, formaður.

Jóhanna Gunnarsdóttir, frú, Hörgshlíð 18, Reykjavík, ritari.

Eysteinn Guðmundsson, fulltrúi, Flókagötu 66, Reykjavík, gjaldkeri.

Hver stjórnarnefndarmaður tilnefnir varamann fyrir sig, sem taka skal sæti í sjóðsstjórninni í fjarveru aðalmanns eða forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í sjóðsstjórninni við fráfall hans og tilnefnir síðan nýjan varamann og svo koll af kolli.

Fari svo einhverntíma, að stjórn sjóðsins sé ekki fullskipuð, skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarnefndarmann í hin auðu sjóðsstjórnarsæti. Tilnefning sjóðsstjórnarmanns gildir ævilangt. Þó getur dómsmálaráðuneytið vikið manni úr sjóðsstjórninni ef því þykir ástæða til þess, vegna ósæmilegrar framkomu hans eða verknaðar. Fram til þess tíma að farið verður að úthluta styrkjum úr sjóðnum, fá sjóðsstjórnarmenn enga þóknun fyrir störf sín, en eftir að úthlutun úr sjóðnum hefst, hafa sjóðsstjórnarmenn rétt til vægrar þóknunar fyrir störf sín, en þóknun þeirra verður þó að vera samþykkt af dómsmálaráðuneytinu.

Annar kostnaður vegna minningarsjóðsins greiðist af fé hans.

Sjóðsstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðabók og skráir allar ákvarðanir, sem teknar eru varðandi minningarsjóðinn og hagsmuni hans. Í fundargerðarbókina skal færa skrá yfir allar úthlutanir úr minningarsjóðnum og nöfn þeirra, sem styrks verða aðnjótandi. Ályktanir sjóðsstjórnarinnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn, ef tveir af sjóðsstjórnarmönnum eru sammála um þær.

8. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs, og skal reikningurinn endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og færður inn í fundargerðarbókina.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf kemur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi samkvæmt 3. gr. má þó aldrei breyta.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. desember 1966.

Í stjórn sjóðsins:

Ásbjörn Ólafsson.

Jóhanna Gunnarsdóttir.

Eysteinn Guðmundsson.